

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 2. október 2009

Fjárlög 2010: skaðlegar áherslur

Fjármálaráðherra kynnti í gær fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010. Það kemur fáum á óvart að í frumvarpinu er gert ráð fyrir stórtækum aðgerðum í ríkisfjármálum sem ætlað er að brúa þann mikla fjárlagahalla sem ríkið stendur nú frammi fyrir. Samkvæmt frumvarpinu er stefnt að bata í rekstri sem nemur tæplega 100 mö.kr. en óhætt er að segja að megnið af þeim aðgerðum eigi sér stað í gegnum skattahækkunarir.

Samkvæmt stöðugleikasáttmála sem undirritaður var af ríkisstjórn og aðilum vinnumarkaðar í sumar var lögð áhersla á að hlutdeild tekjuöflunar í ríkisfjármálum yrði ekki of mikil. Miðað var við að skattar yrðu lækkandi hlutfall aðlögunaraðgerða og ekki samtals hærrí en 45% þeirra fyrir árin 2009 – 2011.

Nú þegar aðgerðir ársins 2009 liggja fyrir í formi bandorms (sem samþykktur var á sumarþingi) og fjárlagafrumvarp ársins 2010 hefur verið kynnt má telja ljóst að vegið er að áðurnefndum stöðugleikasáttmála. Um leið er vegið að heimilum og fyrirtækjum í landinu og jafnvægi milli hins opinbera og almenns vinnumarkaðar. Aðlögunaraðgerðir sumarsins voru nær eingöngu á tekjuhliðinni, í formi hækkaðra skatta og nú eru enn frekari skattahækkunarir boðaðar án samsvarandi aðhaldsaðgerða hjá hinu opinbera.

Meðal þess sem lagt er til í fjárlagafrumvarpinu eru umtalsverðar hækkunarir á beinum sköttum einstaklinga og heimila, þ.e. tekju- og fjármagnstekjuskatti, nýir auðlinda-, orku- og umhverfisskattar sem leggjast ekki eingöngu á fyrirtæki í stóriðju heldur á öll fyrirtæki og heimili í landinu í formi herra orkuverðs, stórauðning á neyslusköttum og vörugjöldum og svo mætti lengi telja.

Það er ljóst að breikka þarf tekjugrunn hins opinbera og ekki getur talist raunhæft að brúa fjárlagagatið eingöngu með aðhaldi í ríkisrekstri – sér í lagi til skemmri tíma. Engu að síður er forkastanlegt hvernig stjórnvöld hyggjast varpa stærstum hluta vandans á löskuð heimili og fyrirtæki í landinu. Nú hefur þegar átt sér stað veruleg aðlögun hjá heimilum og fyrirtækjum sem sést best á verulegum samdrætti í einkaneyslu, hrúni í fjárfestingu einkaaðila, auknum gjaldþrotum fyrirtækja og lækkandi launum á almennum vinnumarkaði. Hið opinbera verður að taka þátt með sama hætti. Í ljósi þenslu í ríkisútgjöldum síðustu ár er með öllu ótækt að jafn máttlítil skref séu stigin í átt til niðurskurðar og aðhalds og raun ber vitni í fjárlagafrumvarpinu. Skattþíning fyrirtækja og heimila, til að verja útgjöld og störf í opinbera geiranum eru í besta falli skammgóður vermir.

Viðskiptaráð Íslands mótmælir harðlega skattastefnu stjórnvalda, enda vinnur hún gegn markmiðum um endurreisn hagkerfisins, auknu atvinnustigi og uppbyggingu sterks og sjálfbærs velferðarkerfis.

Fjárlagafrumvarpið má nálgast [hér](#).

Myndræna skýringu á frumvarpinu og samanburð við fjárlög ársins 2009 má nálgast á vef [DataMarket](#).

Skynsöm úrræði vegna skuldavanda heimilanna

Félags- og tryggingamálaráðherra kynnti á miðvikudaginn aðgerðir sem miða að því að létta greiðslubyrði og skuldavanda heimilanna. Annars vegar er um að ræða almennar aðgerðir þar sem greiðslujöfnun lána er beitt í þeim tilgangi að gera sem flestum kleift að standa undir greiðslubyrði lána sinna. Hins vegar voru kynntar til sögunnar sértækar aðgerðir sem er ætlað að mæta vanda þeirra einstaklinga og heimila sem þurfa á mestri aðstoð að halda. Fela þær aðgerðir annars vegar í sér víðtækari greiðslujöfnun en greint er frá hér að ofan, sértæka skuldaaðlögun fjármálastofnana og endurbætta opinbera greiðsluaðlögun.

Verður ekki annað séð en þær aðgerðir sem boðaðar eru séu skynsöm lausn á erfiðu viðfangsefni. Þrátt fyrir ýmsa kosti við almenna niðurskrift skulda er nokkuð ljóst að slík aðgerð gæti reynst kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð sem má illa við frekari búsfjum.

Nú þegar kynntar hafa verið leiðir fyrir heimili í skuldavanda er við hæfi að gengið verði í almennar aðgerðir til handa íslenskum fyrirtækjum. Í þessu felst að tekið verði á skuldavanda fyrirtækja með markvissari hætti en hingað til þar sem samkvæmni, festa og heiðarleiki verður haft að leiðarljósi. Mörg þeirra fyrirtækja sem nú standa illa eru mun frekar fórnarlömb ytri aðstæðna en óskynsemi í rekstri, rétt eins og heimilin í landinu. Því ber að halda til haga og leita í þeim tilfellum leiða til að koma til móts við stjórnendur og eigendur þeirra við endurskipulagningu skulda. Ávinningur þess að virkja atvinnulífið á nýjan leik er slíkur að ekki má við frekari töfum.

Kynningarefni félagsmálaráðuneytisins má nálgast [hér](#).

Skattastefnan: Sameiginleg yfirlýsing aðila í atvinnurekstri & væntanleg skýrsla Viðskiptaráðs

Andstöðu við þá skattastefnu sem fjárlagafrumvarpið ber með sér er ekki eingöngu að finna í ranni Viðskiptaráðs. Á þriðjudaginn síðasta gáfu Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins, ásamt öllum undirsamtökum SA, út sameiginlega yfirlýsingu vegna boðaðrar skattastefnu stjórnvalda. Í yfirlýsingunni voruðu samtökin við þeirri stefnu að leggja nýjar tegundir gjalda á atvinnurekstur í landinu á borð við orku-, umhverfis- og auðlindaskatta. Eins og sjá má á fjárlagafrumvarpinu þá virðist sem hvatning þessi hafa fallið milli skips og bryggju hjá stjórnvöldum.

Viðskiptaráð mun því halda þessari vinnu áfram á næstu vikum, kanna fjárlögin til hlítar og mögulegar leiðir til úrlausnar á bágrri stöðu ríkissjóðs. Í nóvember mun ráðið svo gera grein fyrir tillögum sínum í skýrslu. Þetta yrði ekki í fyrsta skipti sem ráðið myndi láta sig varða stöðu ríkissjóðs, en ráðið fjallaði ítarlega um útpenslu ríkissjóðs í skýrslunni *Útpensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur*.

Þá vill ráðið jafnframt benda á nýlegar og góðar efnahagstillögur Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS).

Yfirlýsingu VÍ og SA má nálgast [hér](#).

Tillögur FÍS má nálgast [hér](#).

Skýrslu VÍ, *Útpensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur* má nálgast [hér](#).

Atvinnusköpun: á forgangslista stjórnvalda?

Úrskurður umhverfisráðuneytisins á mánudaginn síðasta tók að mati margra steininn úr hvað varðar vinnubrögð stjórnvalda á sviði atvinnusköpunar að undanfögnu. Með úrskurðinum setja stjórnvöld framkvæmdir við álver í Helguvík og við uppbyggingu gagnavers í Reykjanesbæ í skaðlega óvissu, sem er því miður í samræmi við önnur vinnubrögð í málefnum erlendra fjárfestingar og uppbyggingu orkufreks iðnaðar fram til þessa. Auk þess er ljóst að neikvæð afleidd áhrif á hina ýmsu atvinnuvegi og smærri fyrirtæki verða augsýnilega umtalsverð.

Í stað þess að ræða málefnanlega möguleg áhrif úrskurðarins á umrædd fyrirtæki, umsvif í hagkerfinu, atvinnustig og þar með lífskjör héraendis hafa viðbrögð stjórnvalda við gagnrýninni verið á þá leið að mikilvægt hafi verið að virða lög og stjórnsýsluhætti. Slík markmið eru án efa réttmæt, en þessi viðbrögð skjóta skökku við þar sem sjálfur úrskurðurinn gengur þvert gegn lögum um umhverfismat. Stafar þetta af því að ráðuneytið stóð ekki við lögbundinn tveggja mánaða frest til að úrskurða í málinu.

Umboðsmaður Alþingis, sem hefur það hlutverk að gæta þess að stjórnsýslan fari fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti, gerði athugasemdir við sambærileg vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins í álitinu frá árinu 2002. Í álitinu ítrekaði umboðsmaður að stjórnvöldum bæri að haga meðferð mála þannig að lögbundnir frestir til afgreiðslu væru haldnir.

Auk ólögættis úrskurðarins og ofangreindra áhrifa hans þá er ósamræmið gagnvart markmiðum stöðugleikasáttmálans augljóst. Í 4. kafla sáttmálans skuldbindur ríkisstjórnin sig beinlínis til að greiða götu ákveðinna framkvæmda, s.s. vegna álvers í Helguvík og kveðst ætla að ryðja úr vegi hindrunum vegna slíkra framkvæmda fyrir 1. nóvember næstkomandi. Sáttmálinn gerir vissulega ekki ráð fyrir að gengið sé gegn lögum og eðlilegri stjórnsýslu í þessum efnum. Sáttmálinn gerir hins vegar ráð fyrir fumláusum vinnubrögðum af hálfu stjórnvalda til uppbyggingar og atvinnusköpunar – sem skort hafa

hingað til. Því miður gefur úrskurðinn til kynna að áframhald verði þar á. Viðskiptaráð fordæmir þau forkastanlegu vinnubrögð sem stjórnvöld hafa sýnt í þessu máli.

Úrskurð ráðuneytisins má nálgast [hér](#).

Stöðugleikasáttmálann má nálgast [hér](#).

Lög um mat á umhverfisáhrifum má finna [hér](#).

Álit umboðsmanns Alþingis frá árinu 2002 má nálgast [hér](#)

Vaxtaákvörðun: Að eltast við endann á regnboganum

Þó svo ákvörðun Seðlabankans frá því fyrir helgi valdi verulegum vonbrigðum, þá kemur hún ekki sérlega á óvart. Illa hefur gengið að afgreiða mikilvæg mál sem eru forsenda endureisnar og eflingar trúverðugleika íslenska hagkerfisins og um leið styrkingar krónunnar. Má þar helst nefna Icesave, sem enn er óvissa um með tilheyrandi frestun á afgreiðslu frá AGS og lánveitingum frá Norðurlöndunum og öðrum. Frágangur efnahagsreikninga bankanna hefur dregist óhóflega og enn er óvíst með eignarhald á þeim. Þetta hefur leitt til þess að krónan helst veik, þrátt fyrir inngríp SÍ og mikinn afgang af vöruskiptum. Verðbólga hjaðnar því hægar og erfitt fyrir peningastefnunefnd að mæla með lækkuð vaxta miðað við þær forsendur sem hún byggir á. [Lesu áfram...](#)

Yfirlýsingu peningastefnunefndar má nálgast [hér](#).

Ábyrgð og árangur stjórnarmanna – námskeið í HR

Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaráð Íslands bjóða upp á stutt nám fyrir einstaklinga sem gegna stjórnarsetu í einkafyrirtækjum og opinberum fyrirtækjum. Markmið námsins, sem fer fram frá 16. september til 14. október, er einkum að efla árangur, ábyrgð og trúverðugleika íslenskra fyrirtækja með því að treysta faglegan grunn stjórnarmanna, m.a. með þjálfun á sviði lagalegra, rekstrarlegra, fjárhagslegra og siðferðislegra viðfangsefna.

Nánari upplýsingar um námið og fyrirkomulag þess má nálgast á heimasíðu [Háskólans í Reykjavík](#) eða [hér](#).

Bjartsýnishornið

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu,

stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Flugfélögin Icelandair og Iceland Express munu skapa hundruði starfa á næstunni**, en bæði félögin hafa tilkynnt um stækkun flugáætlunar sinnar.
- **Gengi krónunnar hefur styrkst um 10% á aflandsmarkaði** gagnvart evrunni frá því um miðjan ágúst.
- **Vinna að gagnagrunni á sviði eignarhalds og eignatengsla er vel á veg komin**, en gagnagrunnurinn mun auka til muna gagnsæi í íslensku viðskiptalífi.
- **Afgangur af vöruviðskiptum á þessu ári gætu numið 80 mö.kr.** að mati greiningar Íslandsbanka en þetta nemur um 6% af áætlaðri VLF.
- **Erlendir fjárfestar hafa fest kaup á 5,2% eignarhlut í Marel Food Systems** og því virðist sem áhugi erlendra aðila á íslensku atvinnulífi sé enn til staðar.
- **Alþjóðgjaldeyrissjóðurinn er bjartsýnni en áður og hefur hækkað hagvaxtarspá sína fyrir stærstu hagkerfi heims**, sjóðurinn gerir nú ráð fyrir 3,1% hagvexti á heimsvísu á næsta ári í stað 2,5%
- **Fjárhagsleg endurskipulagning Byrs og SPKEF er á lokastigi** en sjóðirnir sóttu um stofnfjárframlag frá ríkissjóði í vor.
- **Nýr stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins telur að stofnunin muni selja eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum strax og markaður verður fyrir hendi** og þá með skráningu þeirra í Kauphöllina.
- **Ríkisstjórnin hefur boðað áform um endurskipulagningu opinberrar þjónustu** til að auka hagkvæmni og skilvirkni.
- **Skuldatryggingarálag á ríkissjóð lækkar áfram**, en álagið stendur nú í rúmum 364 punktum sem er rúmlega 20 punkta lækkun frá því fyrir tveimur vikum.
- **Íslandsbanki býður nú 25% lækkun höfuðstóls á gengistryggðum lánum** sé þeim breytt í óverðtryggð, en með svipuðum hætti er hægt að ná fram 10% lækkun ef verðtryggðum lánum er breytt í óverðtryggð.
- **Seðlabankastjóri væntir þess að verðbólga hjaðni ört síðar á árinu** vegna mikils slaka í efnahagslífinu.
- **Hátt í 1000 erlendir gestir sækja EVE fanfest hátíðahöldin á vegum CCP nú um helgina**, en samtals má áætla að þetta skemmtilega samspil tölvuleikjaframleiðslu og ferðaþjónustu skili á bilinu 150-200mkr. af erlendum gjaldeyri inn í hagkerfið.

Góða helgi.